

# EVA

## HJARTAPEYSA

Peysan er prjónuð frá hálsmáli og niður.

### Stærðir

(2) 4 (6) 8 (10) 12 ára

### Mál á peysu

Yfirvidd: (62) 67 (70) 74 (79) 85 sm.

Sídd: (36) 40 (44) 48 (52) 54 sm.

Ermalengd: (23) 26 (29) 32 (35) 40 sm. eða eins og passar.

### Garn

Smart (u.þ.b. 100 m. í dokku).

Ljóssægrænt 7721:

(5) 6 (7) 8 (9) 10 dokkur.

Vínrautt yrrjótt 4363/ 4544:

(1) 1 (1) 1 (1) 2 dokkur.

Leirbrúnt 3544/4036: 1 dokka allar str.

Grænt 8215/ 8244: 1 dokka allar str.

### Aðrir garnmöguleikar

#### Merinoull

(100% merinoull u.þ.b. 105 m. í dokku).

#### Alpakka

(100% hrein alpakka ull, u.þ.b. 110 m. í dokku).

#### Duo

(55 % merinoull og 45 % bómull, u.þ.b. 124 m. í dokku).

### Prjónar / fylgihlutir

Hringprjónar og sokkaprjónar nr. 3 og 3,5.

Merkihringir

Prjónanælur

### Prjónfesta

22 L. sléttprjón á prjóna nr. 3,5 = 10 sm.



### Berustykki

Fitjið upp (84) 88 (92) 96 (100) 104 L. með ljóssægrænu á hringprjón nr. 3, prjónið í hring (10) 10 (12) 12 (14) 14 sm. brugðningu 1 sl., 1 br.

Skiptið yfir á hringprjón nr. 3,5.

Prjónið **munstur** og aukið í eins og sýnt er á skýringarmyndinni = (200) 220 (230) 250 (270) 290 L. á prjóninum.

Prjónið (0) 2 (4) 8 (10) 14 umf. slétt með ljóssægrænu.

Skiptið stk. þannig:

Prjónið (60) 66 (69) 73 (79) 85 L. fyrir bakstk. Látið (40) 44 (46) 52 (56) 60 L. á prjónanælu fyrir ermi, fitjið upp 8 L., prjónið (60) 66 (69) 73 (79) 85 L. fyrir framstk.

Látið (40) 44 (46) 52 (56) 60 L. á prjónanælu fyrir ermi, fitjið upp 8 L.

### Fram-og bakstykki

= (136) 148 (154) 162 (174) 186 L á prjóninum.

Öll frekari mál eru nú tekin héðan.

Prjónið sl. í hring þar til bolurinn mælist (18) 22 (25) 28 (31) 32 sm.

Skiptið yfir á hringprjón nr. 3, prjónið 4 sm. brugðningu 1 sl., 1 br.

Fellið af með sl. og br. L.


### Ermi

Færið L. af prjónanælunni yfir á sokkaprjóna nr. 3,5, fitjið upp 8 L. undir erminni = (48) 52 (54) 60 (64) 68 L. á prjónunum. Látið merkihr. í miðju undir ermi. Prjónið sl. í hring og takið úr 1 L. sitthvoru megin við merkihr. með (3.) 3. (3.) 2,5. (2,5.) 2,5. sm. millibili þar til eftir eru (36) 38 (40) 40 (42) 42 L. Prjónið þar til ermin mælist. (19) 22 (25) 28 (31) 36 sm., eða þar til vantar 4 sm. á þá lengd sem passar. Skiptið yfir á sokkaprjóna nr. 3 og prjónið 4 sm. brugðningu 1 sl. 1 br. Fellið af með sl. og br. L.

Prjónið hina ermina eins.

**Frágangur:** Saumið handveginn saman.

- Ljóssægrænt
- Leirbrúnt
- Grænt
- Vínrautt yrjótt



Aukið í (18)20(20)24(28)32 L.  
 jafnað um umf.  
 = (200)220(230)250(270)290 L.

Aukið í (18)20(22)26(30)34 L.  
 jafnað um umf.  
 = (182)200(210)226(242)258 L.

Aukið í (24)28(30)34(36)40 L.  
 jafnað um umf.  
 = (164)180(188)200(212)224 L.

Aukið í (28)32(32)34(38)40 L.  
 jafnað um umf.  
 = (140)152(158)166(176)184 L.

Aukið í (28)32(34)36(38)40 L.  
 jafnað um umf.  
 = (112)120(126)132(138)144 L.

Endurtakið                      Byrjið hér



